

Verkefnasamkomulag Náttúruminjasafns Íslands og  
Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar Hólaskóla – Háskólans á Hólum

**Heiti verkefnis: LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNI Á ÍSLANDI**

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða, vísinda- og þjónustustofnun sem lögum samkvæmt skal sinna rannsóknum á fræðasviði sínu og vera miðstöð miðlunar á upplýsingum um náttúru Íslands, náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda.

Hólaskóli – Háskólinn á Hólum er opinber háskóli. Á fiskeldis- og fiskalíffræðideild skólags eru stundaðar rannsóknir m.a. í vistfræði og þróunarfræði með áherslu á fiska í ferskvatni.


Náttúruminjasafn Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum gera með sér samning þennan um verkefnið *Líffræðileg fjölbreytni á Íslandi* á grundvelli rammasamkomulags um samstarf stofnananna sem undirritað var 5. september 2014.

Verkefnið:


1. Verkefnið heitir *Líffræðileg fjölbreytni á Íslandi*. Meginmarkmið þess er að rannsaka á grundvelli heimildarvinnu gerð og eðli líffræðilegar fjölbreytni á Íslandi. Rannsóknin á að veita yfirlit yfir líffræðilegan fjölbreytileika meðal helstu lífveruhópa í landinu með áherslu á hryggdýr, einkum fiska, fugla og spendýr. Rannsóknin tekur líka til hryggleysingja og jurta. Með heimildarvinnu er átt við vinnu með ritaðar heimildir og athuganir á upplýsingum í vísinda- og gagnasöfnum í forsjá Háskólags á Hólum, Náttúruminjasafnsins og systurstofnunar þess, Náttúrufræðistofnunar Íslands, enda samræmist gagnanotin meginmarkmiði verkefnisins. Með hugtakinu líffræðileg fjölbreytni er átt m.a. við tegundir, erfðafræðilega þætti og fjölbreygði innan tegunda. Í rannsókninni verður áhersla lögð á þátt vistfræði í tengslum við líffræðilegan fjölbreytileika.
2. Verkefnisstjóri er prófessor Skúla Skúlason, Hólaskóla – Háskólanum á Hólum, í samráði við Náttúruminjasafnið. Gert er ráð fyrir að komu framhaldsnema að verkefninu. Verkefninu lýkur með skýrslugerð og eru verklok áætluð í lok árs 2017. Stöðu verkefnisins verður lýst í áfangaskýrslum í lok áranna 2015 og 2016.
3. Afrakstur verkefnisins, í formi skýrslu og hugsanlega annarra afleiddra gagna, skal miðla til almennings m.a. með rafrænum hætti á veraldarvefnum.
4. Verkefnið er háð fjármögnun og munu samstarfsaðilar sækja um styrki til að fjármagna framgang verkefnisins.

Hólum í Hjaltadal, 4. desember 2014


f.h. Náttúruminjasafns Íslands

  
Hilmar J. Malmquist  
forstöðumaður

Vottar:

  
Gunnar V. Helgason  
Lærðið Heiðarson

f.h. Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar  
Hólaskóla – Háskólans á Hólum

  
Bjarni K. Kristjánsson  
deildarstjóri